Stjórn foreldrafélags Helgafellsskóla

Stjórnarfundur 26.sept kl. 20.00

Upphaf fundar	1
Árgangafulltrúar	1
Viðburðir	1
Lóðin	2
Annað	2
Aðgerðir eftir fund	3

Upphaf fundar

Þeir sem mættu: Lea, Hólmfríður, Guðjón (Gaui) og Sunna.
Farið yfir með nýjum aðilum, sem ekki komust á stjórnarskiptafundinn, hverjir eru í hvaða hlutverkum í stjórn.

Árgangafulltrúar

Búið að manna í allar árgangafulltrúa-stöður, nema 7.bekk.
Þurfum að senda á Rósu og biðja hana um að tala við kennarana. Fá kennarana til að senda tölvupóst á foreldra bekkjarins eða skipa í stöðurnar.
Lea sér um þessi samskipti við Rósu.

Ákváðum að fundur m. árgangafulltrúum og stjórn foreldrafélags verði haldinn fimmtud. 6.okt.
Lea og Sunna taka að sér að gera kynningu fyrir þann fund.

Rætt var um **hefðir**:
8.bekkur fer 9.-11.nóv í ferð á Úlfljótsvatn, vegna þess að þau fóru ekkert í fyrra.
Við þurfum að ræða við Rósu varðandi þetta. Ætlum við að halda héðan í frá í þá hefð að 8.bekkur fari í ferð eða viljum við færa þetta til baka í 7.bekk á Reyki?

Við þurfum líka að ræða þetta svo við árgangafulltrúana varðandi hvað verður “hefðin”.
Árgangafulltrúar 7.bekkjar þurfa að pæla strax hvað þeirra árgangur mun gera - eru þau að fara í fjáröflun núna fyrir 8.bekk?
Ef 7.bekkur fer héðan í frá í ferð, þá þurfa árgangafulltrúar í 6.bekk að fara að pæla í þessu líka fyrir næsta ár.

Ræða líka við árgangafulltrúana í 9.bekk varðandi að fara að huga að 10.bekkjarferð - fjáröflun.

Viðburðir

Næsti viðburður er **Hrekkjavaka**. Tölum um þetta á fundinum með árgangafulltrúunum. Hver árgangur fær fjármagn f. skreytingum. Vanalega hafa kennararnir séð um að kaupa þetta, en væri sniðugt að árgangafulltrúar verði í samvinnu með kennurum varðandi þetta?
Árgangafulltrúar bera ábyrgð á að þeirra árgangur fái fjármagn/skreytingar og svo geta þeir, eða kennarar sent kvittun m. endurgr.uppl. til Gunnars, gjaldkera.

Hugmynd f. **aðalfund í vor** - vera með vorskemmtun foreldra og aðalfund saman og hafa skemmtiatriði/fyrirlestra sitthvoru megin við aðalfundinn. Dregur fleiri foreldra á fundinn. Hlíðaskóli var t.d. með fyrirlestur frá Pálma Ragnarssyni um jákvæð samskipti, svo Gulli í Gleðibankanum um mikilvægi foreldrasamstarfs og -samskipta. Síðan var dagskrá aðalfundar og Sigga Dögg með fyrirlestur í lokin, um kynfræðslu og hvernig best sé að ræða kynlíf við börn á mismunandi aldri.

Kom upp sú hugmynd að fá Sævar stjörnufræðings sem **fyrirlesara** í vetur.

Jólaskemmtun - þurfum að fara að ákveða hvað við ætlum að gera og setja okkur hlutverk. Virkja strax aðra foreldra með okkur í þetta og búa til hópa í kringum hvert "activity" sem verður í boði. Hugmynd að einhver árganganna verði með jólaleikrit/skemmtiatriði sem þau selja inn á, sem væri þá hluti af fjáröflun.
Uppástunga þeirra sem mættu að hafa jólaskemmtunina sunnudaginn 4.des.
Bera undir Rósu hvort sú dagsetning hentar.

Lóðin

Rætt var á síðasta fundi að setja þessi mál á dagskrá í vetur. Kvartanir hafa borist frá foreldrum, bæði til okkar og skólastjórn og svörin sem fást eru að skólinn er sammála því að fleiri leiktæki vanti. Bláa brekkan verður tekin (hvenær?) og samhliða því ætlar skólastjórn að athuga hvort fjármagn fáist til að bæta við leiktækjum.

Stjórnin var sammála um að við getum ekki beðið endalaust eftir fjármagni. Þessi svör hafa komið lengi en ekkert gerst. Á meðan versnar bara skólalóðin og yngstu börnin hafa lítið að gera í frímínútum. Eru farin að príla í ruslatunnunum við skólalóðina, allur gróður hefur drepist inn á skólalóðinni því börnin nota þau svæði til að "hanga" á og Hreystibrautin hentar ekki yngstu börnunum.

Komu upp hugmyndir að annars vegar fá stærri tæki, t.d. klifurgrind eða kastala og hins vegar að búa til svæði á lóðinni þar sem hægt væri að nýta náttúruna enn betur (t.d. þar sem trén áttu að vera en er nú bara möl) og búa til leikfanga-eldhús (f. drullumall) og fleira í þeim dúr.

Gaui ætlar að taka að sér að skoða leiktækjamálin.
Við veltum því svo fyrir okkur hvort við eigum að fara beint í Mosfellsbæ og krefjast þess að fá fjármagn/leiktæki, þegar við höfum náð að skoða möguleikana í leiktækjum.

Önnur hugmynd sem kom upp er að fá krakkana með í hugmyndavinnu. Búa til verkefni úr því, að þau komi með hugmyndir hvernig bæta mætti skólalóðina og gera hana skemmtilegri.

Annað

10.okt - **næsti fundur** hjá okkur eftir 2 vikur.
Höldum okkur við að hafa fundina 2. mánudag í hverjum mánuði, eins og planið var upphaflega, þó að það sé þá stutt í næsta fund.
Gott að hittast aftur eftir fundinn með árgangafulltrúunum og fara að ræða betur jólaskemmtunina o.fl.

Þurfum við að **fá fleiri í stjórn** foreldrafélagsins? Athugum á árgangafulltrúafundinum hvort einhverjir þar hafi áhuga. Erum bara 6 núna en næsta vetur, þegar 4 okkar fara úr stjórn, verða bara 2 eftir úr “gamalli” stjórn. Betra að hafa fleiri sem eru áfram milli ára.

Sonja, úr SAMMOS hafði samband við okkur meðan við vorum á fundinum og sagði okkur að þau sendu á Mosó og kvörtuðu yfir **frístundarútunni**. Að minnstu krakkarnir færu á æfingar í Varmá og Lágafelli en engin rúta sækir þau og komi þeim aftur í frístund eða í sitt hverfi, þó að þau séu búin kl. 16 (eða fyrr). Foreldrar þurfa að sækja þessi börn, því þau eru of lítil til að koma sér sjálf heim aftur (t.d. 5-6 ára börn í 1.-2.bekk) en það eru auðvitað ekki allir foreldrar búnir í vinnu fyrir kl. 16.

Bíðum eftir að heyra meira frá SAMMOS og fræðslusviði varðandi þetta.

Aðgerðir eftir fund

Senda á Rósu varðandi árgangafulltrúa í 7.bekk - Lea
Gera kynningu fyrir árgangafulltrúafund - Lea og Sunna
Ræða við Rósu varðandi 7.bekkjar/8.bekkjarferðir - Lea/Sunna

Skoða leiktækja/lóðarmál - Gaui

Hugarflug fyrir jólaskemmtun - allir

Fundarboð f. fund 10.okt - Ólafur